



Fréttabréf Skeggjastaðahrepps

Úrdráttur úr fundargerðum

Útgáfa maí 2004

Ábyrgðarmaður. Selma Björk Hauksdóttir

Fundur 4. maí

Lokaumræða um aðal- og deiliskipulag. Tekin var ákvörðun um að skipta við teiknistofuna Teikn á Lofti en ekki Verkfræðistofu Austurlands.

Tilboð barst frá Unnsteini Árnasyni í gras sláttinn í sveitarfélaginu og ákveðið var að ganga til samstarfs við hann.

Bréf barst frá Olúfélaginu ehf. þar sem þeir staðfesta uppsetningu á sjálfsala á Bakkafirði og endurnýjun á dælu.

Skeggjastaðahreppur auglýsir tvö störf, skrifstofumanneskju og flokksstjóra í unglíngavinnu. Verður auglýst í versluninni, pósthúsinu og á vefsíðu sveitafélagsins.

Ákveðið var að ganga frá starfslokasamningi við Árna Þorsteinsson, skólastjóra.

Framhaldsfundur 5. maí

Farið yfir fjárhagsáætlun/ársreikning.

Framhaldsfundur 17. maí

Farið yfir málefni íbúða í eigu sveitarfélagsins og áætlaða rekstrarniðurstöðu félagslega íbúðakerfisins.

Klárað að fara yfir Aðalbók sveitarfélagsins.

Framhaldsfundur 18. maí

Málefni Leiksólans rædd í víðu samhengi.

Skólamál rædd og ákveðið að auglýsa eftir kennurum og skólastjóra samkvæmt bréfi frá skólanefnd.